

Atvinnuvega- og  
Nýsköpunarráðuneytið  
Skúlagötu 4  
101 Reykjavík

Drangnesi 17. febrúar 2021

**Erindi : Sérreglur vegna úthlutunar byggðakvóta fiskveiðiársins 2021/2022.**

Kaldrananeshreppur sækir hér með um að eftirfarandi sérreglur við reglugerð um byggðarkvóta, gildi fyrir úthlutun byggðakvóta til útgerða í Kaldrananeshreppi.

Á sveitarstjórnarfundum þann 16.02.2022 er bókaður vilji að sama fyrirkomulag verði í gildi og eins og undanfarin ár.

Sveitarstjórn telur mikilvægt að nýliðum sé gert kleift að tryggja rekstrargrundvöll sinn með því að skipta hluta aflaheimildina á báta og slík nálgun skapi meiri sátt um ráðstöfun aflaheimilda í byggðarlaginu en ef almenna reglugerðin væri notuð.

sbr. sérregla sem áður hafa verið í gildi í Kaldrananeshreppi. (breyting á viðmiðun um úthlutun, löndunarskylda).

a) Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem

uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og

skal skipt þannig að 30% byggðakvótans skiptist jafnt milli skipa þó ekki meira í þorskígildum talið en viðkomandi bátur landaði í þorskígildum á Drangnesi á fiskveiðiárinu

2020/2021 og 70% skipt hlutfallslega til sömu skipa af því aflamarki sem fallið hefur til

Drangness, miðað við allan landaðan botnfiskafla á Drangnesi í tegundum sem hafa þorsk-ígildisstuðla, í þorskígildum talið, á tímabilinu 1. september 2020 til 31. ágúst 2021.


## *Kaldrananeshreppur.*

b) Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að

landa á Drangnesi þeim afla sem telja á til byggðakvóta Drangsness og til vinnslu innan Drangsness á tímabilinu frá 1. september 2021 til 31. ágúst 2022.

Virðingarfyllst

Fh Kaldrananeshrepps

  
Finnur Olafsson, oddviti